

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 136/345*  
*komudagur 8.12.2008*

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll  
Nefndasvið  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 05. desember 2008  
2008120005/42-1-1

### **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi**

Vísað er til tölvupósts frá Iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 3. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi, 152 mál. Um er að ræða breytingar á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis nr. 13/2001, á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998: lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 og lögum um brunavarnir nr. 75/2000.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemdir í framangreindu frumvarpi við eftirtalin lög: lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 og lög um brunavarnir nr. 75/2000.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir við þær breytingar sem lagt er til að gerðar séu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis nr. 13/2001 sbr. framangreint frumvarp. Náttúrufræðistofnun vill þó benda á að stofnunin telur 1. mgr. 21. gr. laga nr. 13/2001 alltof óljóst og veikt orðaða og ekki vera í samræmi við nútíma umhverfis- og náttúruvernd en þar stendur: *Við veitingu leyfis skv. III. og IV. kafla skal þess gætt að nýting auðlindanna sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna.....* Hér er það orðalagið að þess skuli gætt að nýting auðlindanna sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða sem er óljóst. Náttúrufræðistofnun leggur til að að setningin orðist svo: **Við veitingu leyfis skv. III. og IV. kafla skal nýting auðlindanna vera í samræmi við meginreglur umhverfisverndar og lög um umhverfis- og náttúruvernd sem kunna að gilda á þessu sviði, nýting auðlindanna.....**

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir sömu athugasemd við greinar nr. 13, 15 og 16 í framangreindu frumvarpi um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Í öllum greinunum er gert ráð fyrir að leitað sé umsagnar Hafrannsóknarstofnunarinnar, Siglingamálastofnunar, Umhverfisstofnunar og Orkustofnunar Náttúrufræðistofnunar Íslands bendir á að skv. lögum er það m.a. hlutverk stofnunarinnar að skrásetja og annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands og leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum




mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna. Þrátt fyrir þetta hlutverk er stofnunarinnar ekki getið sem umsagnaraðila en enginn þeirra aðila sem nefndur hefur þetta almenna hlutverk um gagnaöflun um náttúru Íslands. Þannig stendur Náttúrfraeðistofnun að verkefninu Botndýr á Íslandsmiðum (BioIce) þar sem lífríki hafsbotnsins er skráð með skipulegum hætti, varðveitir eintök af öllum botndýrum í heimildasfni og rekur gagnagrunna í samvinnu við Hafrannsóknastofnunina. Einnig má gera ráð fyrir að olíuvinnsla geti haft áhrif á sjófugla, sem eru á verksviði stofnunarinnar. Náttúrufræðisstofnun leggur því til að stofnunarinnar sé einnig getið sem lögbundins umsagnaraðila í 13. 15. og 16. grein.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

